


# ÁBYRGÐ OG AÐGERÐIR

NIÐURSTÖÐUR ÞVERFRÆÐILEGRAR RANNSÓKNAR Á  
EINELTI MEÐAL BARNNA Á ÍSLANDI



# JÁKVÆÐ ÞRÓUN

- Aukin vitundarvakning og viðbrögð við einelti meðal barna.
- Löggjöf sem stuðlar að forvörnum og aðgerðum gegn einelti.

**HVERJU ER ÁBÓTAVANT Í  
BARÁTTUNNI GEGN EINELTI  
MEÐAL BARNNA?**

# BARNASÁTTMÁLINN

- Lögfesta Barnasáttmálann.
- Setja ákvæði um kynningu Barnasáttmálans í aðalnámskrá grunnskóla.
- Þróa og gefa út náms- og kynningarefni um Barnasáttmálann, t.d. í samstarfi Námsgagnastofnunar, umboðsmanns barna og frjálsra félagasamstaka.

# LAGALEG SKILGREINING

Lagt er til að skilgreina einelti sem endurtekna á mælisverða háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Þetta á m.a. við um skilaboð eða aðrar upplýsingar sem miðlað er í síma eða með rafrænum hætti. Hér er þó almennt ekki átt við samskipti eða skoðanaskipti milli jafningja.

# ÁBYRGÐ FORELDRA

- Tryggja aðgang foreldra að leiðbeiningum og ráðgjöf um forvarnir og viðbrögð við málum um einelti meðal barna.
- Tryggja á landsvísu aðgengileg námskeið fyrir foreldra um einelti og foreldrafærni.

# ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNDASTARF

- Endurskoða íþróttalög og æskulýðslög og kveða á um skyldur til forvarna og viðbrögð við einelti meðal barna.
- Tryggja að allir þeir sem standa fyrir íþróttá- og tómstundastarfi fyrir börn marki sér stefnu og hafi virka viðbragðsáætlun vegna eineltis meðal barna.
- Tryggja reglubundna fræðslu til allra þeirra sem sinna íþróttá- og tómstundastarfi fyrir börn.
- Tryggja þekkingu barna, foreldra og annarra á viðbrögðum við einelti meðal barna í íþróttá- og tómstundastarfi.

# TÍÐNI EINELTIS

- Veita opinberu fé til langtímarannsókna á einelti, bæði tíðni þess og afleiðingum.
- Framkvæma af hálfu opinberra aðila samræmt mat á tíðni eineltis í grunnskólum og framhaldsskólum með reglubundnum hætti.
- Framkvæma af hálfu opinberra aðila mat á tíðni eineltis í íþróttá- og tómstundastarfi fyrir börn.



# MENNTUN KENNARA

- Efla nám um lýðræði og félagsþroska barna.
- Auka kennslu í agamálum og samskiptafærni kennara.
- Gera kennslu um einelti meðal barna að skyldufagi.
- Einelti verði skilgreindur þáttur í starfsnámi kennaranema.

# HLUTVERK UMSJÓNARKENNARA

- Tryggja sérstaka fræðslu og leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara um starfsskyldur þeirra og ábyrgð.
- Tryggja að vinnuskylda umsjónarkennara verði með þeim hætti að þeir geti sinnt skyldum sínum.

# MENNTUN OG FRÆÐSLA TIL ANNARRA SEM KOMA AÐ SKÓLASTARFI

- Setja leiðbeinandi reglur um árlega sameiginlega fræðslu fyrir alla þá innan og utan skóla sem koma að málum um einelti meðal barna.

# EINELTISÁÆTLANIR

- Fylgja því eftir að allir skólar móti fullnægjandi heildarstefnu og geri áætlun um forvarnir og viðbrögð við einelti.
- Tryggja að úttektir menntamálaráðuneytis á skólum og skólastarfi feli jafnframt í sér mat á eineltisáætlunum, innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgd.

# HLUTVERK SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU SKÓLA OG NEMENDAVERNDARRÁÐS

- Endurskoða reglugerð um sérfræðiþjónustu og nemendaverndarráð og setja skýr ákvæði um hlutverk, verkaskiptingu og samstarf allra aðila í málum um einelti meðal barna í grunnskóla.
- Leggja áherslu á samræmi í samvinnu skóla og annarrar félags-, heilbrigðis- og velferðarþjónustu í aðgerðum gegn einelti með hliðsjón af aðstæðum í hverju sveitarfélagi.

# HLUTVERK FÉLAGSPJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA

- Rannsaka með hvaða hætti félagsmálanefndir sveitarfélaga og starfsmenn þeirra hafa komið að málum um einelti meðal barna í grunnskóla og í íþrótta- og tómstundastarfi barna innan hvers sveitarfélags.
- Skylda félagsmálanefndir til að marka sér heildarstefnu um aðgerðir og forvarnir í eineltismálum meðal barna á öllum sviðum samfélagsins.

# HLUTVERK BARNAYERNDARNEFNDA

- Rannsaka með hvaða hætti barnaverndarnefndir sveitarfélaga og starfsmenn þeirra hafa komið að málum um einelti meðal barna í grunnskóla og í íþrótta- og tómstundastarfi barna innan hvers sveitarfélags.